

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur mánudaginn 16. júní 2014 í máli nr. X-99/2013:

LBI hf.

(Stefán Reykjalin Guðmundsson hdl.)

gegn

Þrotabúi S44 ehf.

(Eldjárn Árnason hdl.)

Mál þetta var þingfest 22. nóvember 2013 og tekið til úrskurðar 19. maí sl. Sóknaraðili er LBI hf., áður Landsbanki Íslands hf., Álfheimum 74, Reykjavík. Varnaraðili er Þrotabúi S44 ehf., áður Jakob Valgeir ehf., Lækjargötu 2, Reykjavík. Mál þetta var 22. nóvember 2013 sameinað máli nr. 122/2013 milli sömu aðila sem þingfest var sama dag.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt verði að krafa hans í Þrotabúi varnaraðila njóti stöðu veðkröfu, sbr. 111. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að því marki sem veðandlögin duga til greiðslu kröfu sóknaraðila og að viðurkenndur verði veðréttur sóknaraðila í 16.394.837 krónum sem er í vörslum skiptastjóra varnaraðila og í innstæðu á reikningi nr. 0101-05-199124. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað og málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I

Málsatvik

Aðilar máls þessa munu hafa átt í margvíslegum bankaviðskiptum til fjölda ára sem einkum fólust í fyrirgreiðslu í formi lána til varnaraðila. Mun varnaraðili hafa veðsett ýmsar eignir sínar til tryggingar þeim lánnum. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 14. september 2012 var bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta. Frestur til að lýsa kröfum í búið var til 24. nóvember 2012.

Hvað varðar síðari hluta kröfu sóknaraðila eru málsatvik þau að með handveðsyfirlýsingu nr. 0106-63-7955 frá 15. desember 2005 veitti varnaraðili

sóknaraðila veð í innstæðu á bankareikningi varnaraðila nr. 0156-26-1059. Í kjölfar þess að bú varnaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta óskaði fulltrúi skiptastjóra 17. september 2012 eftir upplýsingum um eignir varnaraðila hjá Landsbankanum hf., þ.m.t. innstæður á reikningum. Jafnframt óskaði hann eftir því að ef innstæðum væri til að dreifa yrðu þær greiddar inn á fjárvörslureikning skiptastjóra. Þann 18. september 2012 voru innstæður varnaraðila hjá Landsbankanum hf. greiddar til skiptastjóra þ.m.t. innstæða reiknings nr. 0156-26-1059 og voru greiddar 16.394.837 krónur af þeim reikningi inn á fjárvörslureikning skiptastjóra.

Sóknaraðili lýsti kröfu í bú varnaraðila 5. október 2012 að fjárhæð 11.837.843.872 krónur. Kröfu sóknaraðila var lýst sem veðkröfu í bú varnaraðila, sbr. 111. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Þá var, að því marki sem veð dygði ekki til fullnustu, þeim lýst sem almennum kröfum, sbr. 113. gr. laganna.

Skiptastjóri gaf út kröfuskrá fyrir þrotabú varnaraðila sem lögð var fram á skiptafundi 3. desember 2012, þar sem kröfu sóknaraðila og lýstri réttindaröð þeirra var hafnað. Sóknaraðili mótmælti afstöðu skiptastjóra með bréfi 26. nóvember 2012. Skiptafundur var haldinn 3. desember sama ár til að fjalla um lýstar kröfur og boðað var til jöfnunarfundar sem síðar yrði haldinn samkvæmt ákvæðum 120. gr. laga nr. 21/1991.

Sóknaraðili sendi skiptastjóra varnaraðila tölvubréf 14. maí 2013 þar sem tilkynnt var að við eftirgrennslan hefði komið í ljós að innstæða á framangreindum bankareikningi, sem veðsett hafi verið sóknaraðila, hefði fyrir mistök verið afhent skiptastjóra. Innstæða á reikningnum hefði ekki verið tilgreind í kröfulýsingu sóknaraðila þar sem reikningurinn hafði þegar verið eyðilagður áður en til kröfulýsingar sóknaraðila hafi komið. Sóknaraðili sendi skiptastjóra varnaraðila 22. maí 2013 viðauka við kröfulýsingu sína í þrotabú varnaraðila. Krafðist hann þess að lýst veðkrafa hans næði einnig til handveðsettra fjármuna sem hefðu verið á reikningi nr. 0156-26-1059 en væru nú í vörslum skiptastjóra. Byggði sóknaraðili veðrétt sinn á áðurnefndri handveðsyfirlýsingu frá 15. desember 2005 en með henni hafi sóknaraðila verið veitt veð í þeim fjármunum sem geymdir voru á áðurnefndum reikningi. Hafi handveðinu verið aflað réttarverndar með því að reikningurinn hafi verið læstur fyrir inn- og útborgunum og í því hafi falist að veðsali var sviptur umráðarétti hins veðsetta. Krafðist sóknaraðili þess að fá hina veðsettu fjármuni úthlutað upp í lýsta kröfu.

Sóknaraðila var tilkynnt 15. maí 2013 um þá afstöðu skiptastjóra að hafna því að sóknaraðili nýti veðréttar í þeim fjármunum sem verið höfðu á reikningi nr. 0156-26-1059 þar sem henni hefði verið lýst fyrir skiptastjóra eftir lok kröfulýsingarfrests, sbr. 118. gr. laga nr. 21/1991. Skiptafundur var haldinn í þrotabú varnaraðila 28. maí 2013 þar sem skiptastjóri frestaði því að taka afstöðu til erindis sóknaraðila frá 22. maí 2013. Á skiptafundi 22. ágúst 2013 hafnaði skiptastjóri kröfu sóknaraðila. Sóknaraðili mótmælti afstöðu skiptastjóra bréflaga 27. ágúst 2013. Eftir það var haldinn fundur vegna kröfunnar 30. ágúst 2013 í samræmi við fyrirmæli 121. gr. laga nr. 21/1991 en þar sem ekki reyndist unnt að jafna ágreining vegna kröfu sóknaraðila var málinu vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur til úrlausnar 5. september 2013.

Hvað varðar síðari hluta kröfu sóknaraðila eru málsatvik þau að með handveðsyfirlýsingu 18. desember 2007 nr. 0106-63-8591 veitti varnaraðili

sóknaraðila veð í ýmsum veðbréfum í eigu varnaraðila, þ.m.t. hlutdeildarskírteinum í sjóðnum Peningabréf Landsbankans. Stjórn þess sjóðs tók ákvörðun 6. október 2008 um að loka fyrir allar innlausnir á hlutdeildarskírteinum sjóðsins. Var sjóðnum slitið og lauk því ferli 29. október 2008 þegar hlutdeildarskírteinishöfum barst greiðsla vegna eftirstöðva inneignar. Munu hafa verið stofnaðir sérstakir innlánsreikningar hjá Landsbankanum hf. og inn á þá reikninga greiddar inneignir viðkomandi. Í tilviki varnaraðila var reikningur nr. 0101-05-199124 stofnaður og eign hans í sjóðnum greidd inn á þann reikning. Eins og áður sagði lýsti sóknaraðili kröfu í bú varnaraðila 5. október 2012. Kröfunni var lýst sem veðkröfu. Ágreiningur varð um gildi handveðsetningar sóknaraðila í innstæðu á ofangreindum reikningi en skiptastjóri hafnaði kröfunni í skrá um lýstar kröfur þar sem ekki væri hægt að leiða veðrétt á umræddum bankareikningi af ákvæðum áðurnefndrar handveðsyfirlýsingar né af öðrum gögnum sem fylgdu kröfulýsingu varnaraðila. Sóknaraðili mótmælti afstöðu skiptastjóra með bréfi 26. nóvember 2012. Fjallað var um lýstar kröfur á skiptafundi 3. desember 2012 og á fundi 22. ágúst 2013 var enn fjallað um ágreining um kröfu sóknaraðila. Skiptastjóri hafnaði kröfu varnaraðila á skiptafundi 22. ágúst 2013. Sóknaraðili mótmælti afstöðu skiptastjóra bréflaga 27. ágúst 2013. Ekki reyndist unnt að jafna ágreining aðila og var honum vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur til úrlausnar 23. október 2013.

Ágreiningsmál aðila voru sameinuð undir málsnúmerinu X-99/2013 við þingfestingu mállanna 22. nóvember 2013.

II

Málsástæður og lagarök sóknaraðila

Fyrri hluta kröfu sinnar byggir sóknaraðili á því að með handveðsyfirlýsingu nr. 0106-63-7955 frá 15. desember 2005 hafi honum verið veitt veð í innstæðu reiknings nr. 0156-26-1059 eins og hún stæði á hverjum tíma. Handveðinu hafi verið aflað réttarverndar með þeim hætti að varnaraðili hafi verið sviptur umráðum hins veðsetta. Við töku bús varnaraðila til gjaldþrotaskipta hafi því verið til staðar gildur veðréttur sem sóknaraðila hafi verið heimilt að nýta til fullnustu krafna sinna. Sóknaraðili byggir á því að þrotabú varnaraðila sé að sama marki og var fyrir töku bús til gjaldþrotaskipta bundið af þeirri ráðstöfun varnaraðila að veðsetja sóknaraðila innstæðu reiknings nr. 0156-26-1059. Sóknaraðili kveðst einnig byggja á því að á grundvelli 72. gr. laga nr. 21/1991 taki þrotabú varnaraðila við þeim réttindum sem varnaraðili hafi notið fyrir töku bús til gjaldþrotaskipta. Af því leiði að þrotabú geti ekki notið betri réttar en varnaraðili gerði.

Þá kveðst sóknaraðili enn fremur byggja á því að það hafi verið fullnægjandi að tilgreina í kröfulýsingu 5. október 2012 að krafist væri rétt hæðar krafna samkvæmt 111. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Að mati sóknaraðila leggi 2. mgr. 117. gr. laganna ekki þá skyldu á sóknaraðila að tilgreina með tæmandi hætti í hvaða eignum hann njóti veðréttinda. Einungis sé krafa samkvæmt ákvæðinu um að tilgreina þá rétt hæð sem krafist sé en ekki yfir hverju. Ófullnægjandi tilgreining á því hvað falli undir veðkröfu leiði ekki til þess að veðrétturinn falli niður. Þannig sé almennt viðurkennt í fræðiritum um veðréttindi að veðréttur falli ekki niður sökum vanlýsingar. Vísar

sóknaraðili til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 401/1988 máli sínu til stuðnings. Vanlýsing geti hins vegar haft í för með sér að kröfuhafi glati rétti til fullnustu krafna sinna af öðrum eignum búans. Í þessu máli sé ekki til að dreifa eiginlegri vanlýsingu í skilningi 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti enda óumdeilt að sóknaraðili lýsti fjárkröfu sinni innan kröfulýsingarfrests og krafðist þess að fjárhæðin nyti rétt hæðar samkvæmt 111. gr. laganna. Kröfulýsing sóknaraðila hafi hins vegar ekki haft að geyma tæmandi lýsingu á því í hvaða eignum sóknaraðili nyti veðréttar en af 2. mgr. 117. gr. laga nr. 21/1991 megi ráða að ekki sé gerð krafa um slíka upplistun í kröfulýsingu. Ekki sé því hægt að byggja á því að veðréttur sóknaraðila hafi fallið niður vegna vanlýsingar. Viðurkenna beri því veðrétt hans í 16.394.837 krónum sem óumdeilanlega séu í vörslum skiptastjóra og tilkomnar vegna innstæðu á reikningi nr. 0156-26-1059. Verði veðréttur ekki viðurkenndur leiði það til óréttmætrar auðgunar þrotabús varnaraðila sem gangi í berhögg við 72. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

Að auki byggir sóknaraðili á því að hann hafi ekki haft ástæðu til þess að geta um veðkröfu sína vegna innstæðunnar á reikningnum fyrr þar sem innstæðan hefði verið færð inn á fjárvörslureikning skiptastjóra varnaraðila áður en kröfulýsingarfresti lauk og að hans „forskrift“. Með aðgerðum sínum hafi skiptastjóri girt fyrir möguleika sóknaraðila til þess að lýsa með fullnægjandi hætti kröfu um veðrétt í þeim fjármunum sem voru á áðurnefndum reikningi. Með því að krefjast þess að innstæða á reikningnum væri færð inn á fjárvörslureikning skiptastjóra áður en kröfulýsingarfresti lauk hafi sóknaraðili ekki verið gert mögulegt að vita að veðandlagið stæði enn til fullnustu kröfu hans.

Að lokum byggir sóknaraðili á því að með veðsetningu fjármuna á reikningnum hafi varnaraðili framselt til sóknaraðila óbein eignarréttindi yfir þeim fjármunum. Af meginreglu 118. gr. laga nr. 21/1991 leiði að réttindi og/eða eignir í vörslum þrotabús sem háðar séu einhvers konar eignarrétti þriðja manns falli ekki niður sökum vanlýsingar. Veðsetning innstæðunnar teljist vera framsal óbeinna eignarréttinda og sé því 16.394.837 krónur sem séu í vörslum skiptastjóra háðar óbeinum eignarrétti sóknaraðila og geti þau réttindi ekki fallið niður sökum vanlýsingar. Verði veðréttur sóknaraðila ekki viðurkenndur brjóti það í bága við meginreglur 109. gr. og 118. gr. gjaldþrotaskiptalaga sem og meginreglur 72. gr. laganna enda feli það í sér að bú varnaraðila öðlist ríkari réttindi en varnaraðili hafði fyrir töku búans hans til gjaldþrotaskipta. Þá muni það hafa í för með sér að sóknaraðili glati óbeinum eignarréttindum sínum sökum vanlýsingar í trássi við meginreglur gjaldþrotaréttar. Því beri að viðurkenna kröfu sóknaraðila.

Hvað varðar fjármuni á reikningi nr. 0101-05-199124 þá byggir sóknaraðili á því að með handveðsyfirlýsingu nr. 0106-63-8591 frá 18. desember 2007 hafi honum verið veðsett hlutdeildarskírteini varnaraðila í sjóðnum Peningabréf Landsbankans. Veðrétti sóknaraðila hafi verið aflað réttarverndar með fullnægjandi hætti, þ.m.t. hafi varnaraðili verið sviptur umráðum hins veðsetta. Í samræmi við 4. mgr. handveðsyfirlýsingarinnar náði veðréttur sóknaraðila einnig til hvers konar arðs af hinu veðsetta. Augljóst sé að útgreiðsla í peningum vegna fjárfestingar varnaraðila í Peningabréfum Landsbankans teljist til arðs og beri því þegar af þeirri ástæðu að viðurkenna veðrétt sóknaraðila. Sóknaraðili kveðst einnig byggja á því að líta megi á innstæðu reikningsins sem verðmæti sem komi í stað upphaflegs veðandlags. Bein og órjúfanleg tengsl séu á milli eignar varnaraðila í Peningabréfum Landsbankans og innstæðu áðurnefnds reiknings enda sé innstæða reikningsins

tilkomin vegna endurgreiðslu á fjárfestingu varnaraðila í kjölfar slita á sjóðnum. Byggir sóknaraðili á því að í samræmi við meginreglur veðréttar um verðmæti sem komi í stað upphaflegs veðandlags njóti sóknaraðili einnig veðréttinda í innstæðu á reikningnum. Því beri að viðurkenna kröfur sóknaraðila.

Um lagarök vísar sóknaraðila til laga nr. 21/1991, einkum 72., 109., 111. og 118. gr. og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Málskostnaðarkrafa byggist á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991.

III

Málsástæður og lagarök varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að hafnað verði kröfu sóknaraðila um viðurkenningu á veðrétti í 16.394.837 krónum sem sé í vörslum skiptastjóra varnaraðila. Byggir varnaraðili á því að krafa sóknaraðila sé niður fallin vegna vanlýsingar, sbr. 118. gr. laga nr. 21/1991. Óumdeilt sé að kröfunni var ekki lýst fyrir skiptastjóra innan kröfulýsingarfrests en honum hafi lokið 24. nóvember 2012. Undantekningar ákvæðisins, um að krafa tapist ekki gagnvart þrotabúi fyrir vanlýsingu, eigi ekki við í máli þessu og sóknaraðili geti því ekki komið þessari kröfu sinni að í málinu.

Varnaraðili mótmælir þeirri röksemdarfærslu sóknaraðila að fullnægjandi hafi verið að tilgreina í kröfulýsingu að krafist væri rétt hæðar krafna samkvæmt 111. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Einnig mótmæli hann því að 2. mgr. 117. gr. laganna leggi ekki þá skyldu á sóknaraðila að tilgreina með tæmandi hætti í hvaða eignum hann njóti veðréttinda. Þvert á móti telji varnaraðili að ákvæðið verði ekki skilið með öðrum hætti en að kröfulýsing þurfi nánast að uppfylla sömu kröfur og stefna í einkamáli. Í því felist að kröfuhafi þurfi að láta í ljós hverra réttinda hann telji að krafa hans njóti. Þannig eigi kröfulýsing að leggja fullnægjandi og tæmandi grundvöll að kröfunni svo skiptastjóri geti tekið afstöðu til hennar.

Þá kveðst varnaraðili mótmæla þeirri staðhæfingu sóknaraðila að reikningur nr. 0156-26-1059 hafi verið eyðilagður „að forskrift skiptastjóra“ og girt fyrir möguleika sóknaraðila að lýsa kröfu í búið með fullnægjandi hætti. Hið rétta sé að skiptastjóri óskaði aðeins eftir því að lokað yrði fyrir útborganir af reikningum varnaraðila hjá Landsbankanum hf. Sóknaraðila hafi því verið í lófa lagið að lýsa veðrétti sínum fyrir skiptastjóra innan lögbundins kröfulýsingarfrests. Þar sem það hafi hann ekki gert verði hann að sæta því að veðréttur hans sé niður fallinn vegna vanlýsingar.

Þá hafnar varnaraðili fullyrðingu sóknaraðila um að veðréttur geti ekki fallið niður sökum vanlýsingar sem efnislega rangri og vísar til dóms Hæstaréttar 24. ágúst 2010 í máli nr. 460/2010 þar sem málsatvik hafi verið sambærileg og í þessu máli. Í málinu hafi Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að veðréttur væri niður fallinn sökum vanlýsingar.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að krafa sóknaraðila hafi borist innan kröfulýsingarfrests kveðst varnaraðili byggja á því að veðrétturinn hafi fallið niður þegar sóknaraðili, eða öllu heldur umboðsmaður hans, Landsbankinn hf., hafi flutt innstæðuna í vörslur varnaraðila. Þessu til stuðnings bendir varnaraðili á að

réttarvernd handveðs sé háð því að veðsali sé sviptur umráðum veðsins, sbr. 3. mgr. 1. gr. og 1. málslíð 2. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1997. Því hafi réttarvernd veðsins fallið niður um leið og hin handveðsetta innstæða var millifærð inn á reikning varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess einnig að hafnað verði kröfu sóknaraðila um viðurkenningu á veðrétti í innstæðu bankareiknings nr. 0101-05-199124. Sóknaraðili hafi lýst því yfir í kröfulýsingu 5. október 2012 að hann væri með veð í innstæðunni. Sóknaraðili byggi veðrétt sinn á handveðsyfirlýsingu nr. 0106-63-859 frá 18. desember 2007. Samkvæmt henni hafi hlutabréf í eigu varnaraðila verið sett að veði fyrir skuldbindingum varnaraðila við sóknaraðila. Meðal hinna handveðsettu hlutabréfa hafi verið hlutdeildarskírteini í peningamarkaðssjóðnum Peningabréf Landsbankans. Að sögn sóknaraðila hafi umrædd hlutdeildarskírteini verið seld og söluandvirðið lagt inn á umræddan bankareikning. Byggi sóknaraðili á því að innstæða bankareikningsins sé veðsett með sama hætti og hlutdeildarskírteinið. Skiptastjóri hafi hafnað kröfu sóknaraðila á þeim forsendum að ekki væri hægt að leiða veðrétt á umræddum bankareikningi af ákvæðum handveðsyfirlýsingarinnar né af öðrum gögnum sem fylgt hafi kröfulýsingu sóknaraðila. Hann hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni að innstæða reikningsins sé söluandvirði umræddra hlutdeildarskírteina. Verði sóknaraðili að bera hallann af sönnunarskorti í þeim efnun. Þá bendir varnaraðili á að í ljósi hlutverks og aðstöðu sóknaraðila verði að gera miklar kröfur til hans um að hann sanni tilvist réttinda sinna. Þá sé það grundvallarskilyrði fyrir gildi handveðréttar að í gildi sé löggerningur á milli veðsala og veðhafa um hið handveðsetta. Engum slíkum samningi sé til að dreifa í málinu og því sé innstæða bankareikningsins kvaðalaus eign varnaraðila. Mótmælir varnaraðili þeim málatilbúnaði sóknaraðila að leiða megi veðréttinn af handveðsyfirlýsingu nr. 0106-63-8591. Samkvæmt henni séu þar einungis tilgreind hlutabréf sett að handveði fyrir skuldbindingum varnaraðila. Í henni komi fram að heimilt sé að ráðstafa arðgreiðslum af hinu veðsetta inn á sérstakan reikning sem sé innifalinn í veðsetningunni. Hins vegar sé þar ekki kveðið á um að veðréttur skuli færast yfir á andvirði hlutabréfanna ef til sölu þeirra kæmi.

Varnaraðili hafnar því að innstæðan sé arður af hinu veðsetta eða að líta megi á innstæðuna sem verðmæti sem komið hafi í stað upphaflegs veðandlags. Sóknaraðili hafi ekki lagt fram haldbær gögn þessum staðhæfingum sínum til stuðnings og því beri að hafna þeim.

Þá kveður varnaraðili misskilnings gæta hjá sóknaraðila um hvað teljist sem útgreiðsla arðs á hlutdeildarskírteinum og mótmælir hann því að sala á hlutdeildarskírteinum geti talist til útgreiðslu arðs í þessari merkingu. Hin hefðbundna skilgreining á arði vegna hlutabréfa sé „sú ávöxtun sem af hlutabréfinu fékkst á viðkomandi reikningsári“. Þegar hlutabréf sé selt sé ekki um slíka ávöxtun að ræða. Í þessu samhengi kveðst varnaraðili benda á að handveðsyfirlýsingin hafi verið einhliða samin af sóknaraðila og því beri að túlka allan vafa um hvernig skilja beri ákvæði hennar varnaraðila í hag. Þá verði einnig að líta til þess að sóknaraðili var fjármálastofnun þegar handveðsyfirlýsingin var gerð og því megi gera auknar kröfur til hans í þessum efnun.

Um lagarök vísar varnaraðili til almennra reglna samningaréttarins, m.a. um skuldbindingargildi loforða, laga nr. 75/1997 um samningsveð, meginreglna veðréttar og laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

IV

Niðurstæða

Í máli þessu krefst sóknaraðili þess að viðurkennt verði að krafa hans í þrotabú varnaraðila njóti stöðu veðkröfu, sbr. 111. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að því marki sem veðandlögin duga til greiðslu kröfu sóknaraðila og að viðurkenndur verði veðréttur sóknaraðila annars vegar í 16.394.837 krónum, sem séu í vörslum skiptastjóra varnaraðila, og hins vegar í innstæðu á reikningi nr. 0101-05-199124. Skilja verður kröfugerð sóknaraðila svo að hann krefjist þess að hann njóti við gjaldþrotaskipti varnaraðila stöðu í réttindaröð samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/191 annars vegar í skjóli veðréttar í 16.394.837 krónum, sem áður hafi verið á reikningi varnaraðila nr. 0156-26-1059 en sé nú í vörslum skiptastjóra og hins vegar í innstæðu á reikningi nr. 0101-05-199124. Ágreiningur aðila er því tvíþættur og varðar viðurkenningu á veðrétti í ofangreindri fjárhæð sem er í vörslum skiptastjóra og í innstæðu á áðurnefndum reikningi.

Fyrir liggur í málinu að sóknaraðili lýsti kröfu í bú varnaraðila með kröfulýsingu 5. október 2012 vegna gjaldmiðlaskiptasamninga, lánasamninga og sjálfskuldarábyrgða. Kröfu sóknaraðila var lýst sem veðkröfu samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991 að því marki sem veð dygðu til fullnustu krafna en þeim hluta kröfunnar sem veð dygði ekki var lýst sem almennum kröfum samkvæmt 113. gr. laganna. Í kröfulýsingunni var m.a. vísað til þess að kröfuhafi væri með veð í innstæðu á reikningi nr. 0101-05-199124 en inn á þann reikning hafi verið greidd útgreiðsla vegna eignarhlutar þrotamanns í sjóðnum Peningabréf Landsbankans. Hlutdeildarskírteini í sjóðnum hafi verið veðsett með handveðsyfirlýsingu 18. desember 2007. Þá er þar gerð grein fyrir fleiri handveðum sem ekki eru til umfjöllunar hér.

Sóknaraðili byggir veðrétt sinn í innstæðu að fjárhæð 16.394.837 á því að honum hafi með handveðsyfirlýsingu nr. 0106-63-7955 verið veitt veð í innstæðu reiknings nr. 0156-26-1059 eins og hún stæði á hverjum tíma. Hann hafi í heild lýst kröfu sinni sem veðkröfu samkvæmt 111. gr. laga nr. 21/1991 með kröfulýsingu 5. október 2012. Þar hafi henni verið nægjanlega lýst og innan kröfulýsingarfrests. Byggir sóknaraðili á því að það hafi verið fullnægjandi að tilgreina í kröfulýsingu að krafist væri réttthæðar krafna samkvæmt 111. gr. laganna. Að mati sóknaraðila leggi 2. mgr. 117. gr. laganna ekki þá skyldu á sóknaraðila að tilgreina með tæmandi hætti í hvaða eignum hann njóti veðréttinda. Veðréttur hans sé því ekki niður fallinn vegna vanlýsingar eða sökum þess að hann hafi ekki verið nægilega skýrt tilgreindur í kröfulýsingunni. Þá byggir sóknaraðili á því að með veðsetningu fjármuna á reikningnum hafi varnaraðili framselt til sóknaraðila óbein eignarréttindi yfir þeim fjármunum. Af meginreglu 118. gr. laga nr. 21/1991 leiði að réttindi og/eða eignir í vörslum þrotabús sem háðar séu einhvers konar eignarrétti þriðja manns falli ekki niður sökum vanlýsingar. Varnaraðili reisir kröfu sína á því að veðréttur sóknaraðila sé fallinn niður vegna vanlýsingar enda hafi hann fyrst með viðauka við kröfulýsingu 5. maí 2013 talið til réttinda yfir innstæðu á reikningi nr. 0156-26-001059.

Í tölvupósti sem sóknaraðili sendi varnaraðila 14. maí 2014 kemur fram að við eftirgrennsan sóknaraðila á veðum í eignum S44 ehf. hafi komið í ljóst að innstæða á ofangreindum reikningi hafi fyrir mistök verið afhent skiptastjóra varnaraðila. Þegar kröfulýsing sóknaraðila hafi verið unnin 5. október 2012 hafi þegar verið búið að afhenda skiptastjóra innstæðuna og því hafi ekki verið innstæða á reikningnum. Því hafi verið talið tilgangslaust að lýsa veði í innlánsreikningnum. Nú væri komið í ljós að Landsbankinn hf. hefði sem vörsluaðili veðsins afhent skiptastjóra veðið, án heimildar sóknaraðila, í kjölfar beiðni skiptastjórans um að fá innstæður afhentar.

Fyrir liggur í málinu að sóknaraðili krafðist þess 22. maí 2013, með viðauka við kröfulýsingu sína frá 5. október 2012, að veðkrafa hans sem þar hafði verið lýst næði einnig til handveðréttar í umræddum fjármunum á ofangreindum reikningi. Í kröfulýsingunni sagði að sóknaraðili byggði veðrétt sinn á handveðsyfirlýsingu útgefinni 15. desember 2005 af S44 ehf., sem þá hafi heitið Jakob Valgeir ehf. Var þess krafist að veðkrafan, sem þar hefði verið lýst, næði einnig til handveðsettra fjármuna sem hefðu verið á reikningi nr. 0156-26-001059 en veð í þeim fjármunum hefði ekki verið tilgreint í upphaflegri kröfulýsingu. Með handveðsyfirlýsingunni hafi sóknaraðila verið veitt veð í þeim fjármunum sem geymdir hafi verið á áðurefndum reikningi. Handveðinu hafi verið aflað réttarverndar með því reikningurinn hafi verið læstur fyrir inn- og útborgunum og í því hafi falist að veðsali hafi verið sviptur umráðarétti hins veðsetta.

Að mati dómsins var upphafleg kröfulýsing sóknaraðila ekki þannig úr garði gerð að ráða mætti af henni að hann væri að krefjast viðurkenningar á veðrétti í innstæðu á bankareikningi nr. 0156-26-001059. Verður ekki annað af henni ráðið en að þar sé á því byggt að kröfur hans njóti veðréttar í þeim hlutabréfum sem þar eru tilgreind en ekki í neinu öðru og var ekki vikið að því að krafa hans nyti veðréttar í innstæðu á reikningnum. Verður því að líta svo á að krafa sóknaraðila hafi fyrst komið fram eftir lok kröfulýsingarfrests en frestur til að lýsa kröfum í búið rann út 24. nóvember. Verður því ekki talið að veðrétti hans í innstæðu á framangreindum reikningi hafi verið réttilega lýst innan kröfulýsingarfrests. Er krafa hans því niður fallin sökum vanlýsingar í samræmi við 118. gr. laga nr. 21/1991. Þá geta þær undantekningar frá meginreglu ákvæðisins um réttaráhrif vanlýsingar, sem taldar eru upp í 118. gr., ekki staðið til þess að sóknaraðili fái nú komið að vanlýstri kröfu sinni um veðréttindi yfir innstæðunni á áðurnefndum reikningi sem nú er í vörslum skiptastjóra. Verður því að hafna þeirri kröfu hans.

Þá hefur sóknaraðili byggt á því að varnaraðili hafi tekið við fjárhagslegum réttindum og skyldum veðsala samkvæmt 1. mgr. 72. gr. laga nr. 21/1991 og því geti búið ekki skapað sér betri rétt gagnvart sóknaraðila en veðsali hafði áður. Við mat á þessu verður að hafa í huga að sóknaraðili er fjármálastofnun. Gera verður ríkar kröfur til þess að sem slík hafi varnaraðili yfirlit yfir stöðu viðskiptamanna sinna og þau réttindi sem hann telur til. Verður að líta svo á að sóknaraðila hafi verið kunnugt um að hann ætti veð í innstæðu reikningsins á grundvelli handveðsyfirlýsingar og var honum því í lófa lagið að halda þeim rétti til haga og lýsa veðkröfum sínum fyrir lok kröfulýsingarfrests og með nægilega skýrum hætti. Síðbúinn viðauki sóknaraðila við upphaflega kröfulýsingu breytir ekki þessari niðurstöðu. Kröfu sóknaraðila hvað varðar viðurkenningu á veðrétti í 16.394.837 krónum, sem munu vera í vörslum skiptastjóra varnaraðila, er því hafnað.

Hvað varðar síðari þátt kröfugerðar sóknaraðila telur dómurinn ljóst að veðkröfu hvað varðar handveðsyfirlýsingu frá 18. desember 2007 hafi verið nægilega lýst í kröfulýsingu sóknaraðila 5. október 2012. Samkvæmt handveðsyfirlýsingunni voru sóknaraðila sett að veði hlutdeildarskírteini í sjóðnum Peningabréf Landsbankans. Í henni var kveðið á um að hlutdeildarskírteini væru sett að handveði til tryggingar á skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem veðsali þá eða síðar, á hvaða tíma sem væri, stæði í við veðhafa hvort sem það væru víxilskuldir, víxilábyrgðir, yfirdráttur á tékkareikningi, innlendir eða erlendir lánessamningar, erlent endurlán, reikningslán, afurðalán eða hvers konar aðrar skuldir við bankann, þar með taldar ábyrgðir er bankinn hefði tekist eða kynni að takast á hendur vegna veðsala. Þá er þar tilgreint að arður vegna hlutabréfanna væri innifalinn í veðsetningunni og kæmi til útgreiðslu arðs vegna þeirra skyldi hann greiddur inn á svokallaðan VS-reikning sem skyldi vera í nafni veðsala en í umsjón veðhafa og þannig veðsettur. Þá sagði þar að handveðrétturinn tæki einnig til jöfnunarhluta vegna hinna veðsettu hlutabréfa sem kynnu að vera gefin út meðan skuldin, og það sem handveðið ætti að tryggja, væri ekki að fullu greidd. Einnig sagði að á meðan skuld sem handveðinu væri ætlað að tryggja væri ekki að fullu greidd væri veðsala einungis heimilt að selja hin veðsettu hlutabréf hefði hann áður fengið til þess skriflegt leyfi veðhafa enda gengi andvirði hinna seldu hlutabréfa til lækkunar á skuld þeirri sem handveð ætti að tryggja.

Eins og rakið er í málavaxtalýsingu tók stjórn sjóðsins Peningabréf Landsbankans þá ákvörðun 6. október 2008 að loka fyrir allar innlausnir á hlutdeildarskírteinum sjóðsins. Var sjóðnum slitið og lauk því ferli 29. október 2008 þegar hlutdeildarskírteinishöfum barst greiðsla vegna eftirstöðva inneignar. Munu hafa verið stofnaðir sérstakir innlánsreikningar hjá Landsbankanum hf. og inn á þá reikninga greiddar inneignir viðkomandi. Í tilviki varnaraðila var reikningur nr. 0101-05-199124 stofnaður og eign hans í sjóðnum greidd inn á þann reikning.

Fallast verður á með varnaraðila að þessar greiðslur geti ekki talist til arðs samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð eða samkvæmt ákvæðum handveðsyfirlýsingarinnar. Á hinn bóginn verður að telja að í handveðsyfirlýsingunni hafi falist að kæmi til sölu bréfanna hafi aðilar samið svo um að andvirði þeirra gengi til veðhafa til lækkunar á skuld veðsala en þó var ekki sérstaklega kveðið á um að veðréttur skyldi í slíkum tilfellum færast yfir á andvirði hlutabréfanna. Hvort sem litið verður á greiðslu eftirstöðva inneignar hlutdeildarskírteinishafa hjá sjóðnum Peningabréf Landsbankans sem eiginlega sölu hlutabréfa er falli undir fyrrgreint ákvæði handveðsyfirlýsingarinnar eða ekki verður allt að einu talið að líta megi á greiðslu inneignar vegna bréfanna sem verðmæti sem komu í stað upphaflegs veðandlags. Verður því að telja fram komnar líkur fyrir því að handveðréttur sóknaraðila hafi færst yfir á greiðslu eftirstöðva umræddra hlutdeildarskírteina. Í greinargerð sóknaraðila kemur fram að greiðsla hafi verið innt af hendi til varnaraðila 29. október 2008 þegar sjóðnum var slitið. Þá segir þar að í tilviki varnaraðila hafi verið stofnaður reikningur nr. 0101-05-199124 í samræmi við tilkynningu til sjóðfélaga í Peningabréfum Landsbankans og eign hans í sjóðnum færð inn á reikninginn. Um er að ræða almenna tilkynningu til allra sjóðfélaga og liggur hún fyrir í málinu. Er þessu einnig lýst í kröfulýsingu sóknaraðila 5. október 2012. Sóknaraðili hefur á hinn bóginn engin gögn lagt fram um reikning nr. 0101-05-199124. Hafa hvorki verið lögð fram gögn sem sýna færslur á reikninginn né gögn sem varpa ljósi á það að innstæða hans sé

söluandvirði umræddra hlutdeildarskírteina. Er krafa sóknaraðila að þessu leyti vanreifuð og verður hann að bera hallann af þessum sönnunarskorti fyrir réttmæti kröfu sinnar. Ber því að hafna kröfu sóknaraðila um viðurkenningu á veðrétti í innstæðu á áðurnefndum reikningi og er um þær lýktir málsins höfð til hliðsjónar niðurstaða Hæstaréttar í máli nr. 261/2013 frá 8. maí 2013.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað sem þykir eftir atvikum og með hliðsjón af umfangi málsins, vera hæfilega ákveðinn 600.000 krónur.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð:

Kröfum sóknaraðila, LBI hf., á hendur varnaraðila, þrotabúi S44 ehf., er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 600.000 krónur í málskostnað.

Hólmfríður Grímsdóttir